

Nd.

597. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. að leggja fyrir Alþingi, áður en væntanlegur háskóli hér á landi tekur til starfa, frumvarp til laga um það, að eigi hafi aðrir rétt til embætta á landi hér en þeir, er tekið hafa próf við háskóla landsins í þeim námsgreinum, sem þar eru kendar, að svo miklu leyti sem næg þekking í þeim greinum er skilyrði fyrir að fá slík embætti, þó svo
 - a, að eigi nái ákvæði þetta til þeirra manna, sem tekið hafa fullnaðarpróf í þessum námsgreinum við Kaupmannahafnarháskóla áður en 3 ár eru liðin frá því að háskóli hér á landi tekur til starfa, og
 - b, að undantekning hér frá megi þó veitingarvaldið gera með ráði háskólaráðs vors að því, er snertir kennaraembætti við háskóla landsins sjálfan;
2. að leita enn af nýju, samkvæmt þingsályktun frá 1905, samninga við yfirstjórn Kaupmannahafnarháskóla um það, að nokkur hluti af námsstyrk þeim, sem íslenskum stúdentum er þar ætlaður, verði, jafnskjótt og háskólastofnun hér á landi tekur til starfa, feinginn háskóla vorum til umráða til styrktar íslenskum stúdentum og kandidötum við háskóla vörn og erlenda háskóla.